

Fundur 16.1.2023 Steindór Daníelsson dó um 2002 Kópavogsbúi.

Komið þið nú sælir.

*Sæll eða sæl.*

Íslendingur er ég.

*Já komdu blessaður.*

Er þetta í fyrsta skipti sem ég tala við ykkur og finnst mér það heiður og merkilegt að tala við fólkið mitt á gamla landinu.

Og langaði mig lengi til að ná sambandi við gamla hnöttinn og vona ég að ég geti styrkt ykkur og magnað, er hér ágæt orka og er sáttur við líf mitt.

Ég get nú ekki talað lengi en tengsl mín við Nýal eru all nokkur, átti ég bókina og las stundum í henni, ekki taldi ég mig trúðan mann, en ég hafði mjög gaman að því að tala við vini og kunningja um þetta í sundlaugunum.

Og kannaðist við nokkra sem tóku þátt í þessu.

Og erum við hér stödd á nýjum hnetti ég og konan og einn sonur okkar og svo eru það móðir, faðir og eldri kynslóðir.

Átti ég nú erfitt með að venjast því í fyrstu að flytjast út á land til þeirra, en rifjaði ég upp gamla takta í sveitinni og fór að taka til hendinni og hjálpa til við bústörfin og naut ég þess nokkuð vel.

Og frúin kom svo nokkrum árum seinna á þennan hnött og voru það fagnaðar fundir og tók þá líf mitt aftur stakkaskiptum og fór ég þá að fást við mína gömlu iðngrein.

Já þetta er mér nokkuð framandi að tala svona við gamla hnöttinn, en ánægjulegt og hef ég grun um það að mínir ættingjar muni gleðjast við að heyra frá mér, þótt ekki geti ég talað lengi.

Ég þekki mig á þessum slóðum og dó fyrir um það bil tuttugu árum og þótti vænt um staðinn og vil bara segja mínum ættingjum að mér líður prýðilega eins og öðrum á þessum hnetti.

Og vil gjarnan að félag ykkar eflist og finnst mér leitt að ég kom aldrei á ykkar fundi.

En ég, það var venja okkar í laugunum þegar við ræddum um þetta að ég efaðist um allt sem þeir sögðu.

En í raun og veru þá hafði ég dálitla trú á þessu og var það mjög ánægjuleg að það skyldi ganga eftir.

Já, ég get kannski komið síðar, en verð nú að kveðja, Steindór heiti ég Daníelsson.

Verið þið sælir.

*Vertu blessaður Steindór.*

*Pakka þér fyrir.*